



Reglur um skólaakstur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

1. gr.

Gildissvið og orðskýringar

Reglur um skólaakstur í sveitarfélaginu Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru byggðar á reglum um skólaakstur í grunnskóla nr. 656/2009, með síðari breytingum, ásamt sérákvæðum samkvæmt þessum reglum.

Reglur þessar taka til skipulags skólaakstur milli heimilis og grunnskóla.

Með skólaakstri í reglum þessum er átt við akstur milli heimilis og grunnskóla þar sem þess er þörf til að tryggja jafnan aðgang nemenda að grunnskólanámi.

2. gr.

Ábyrgð

Skeiða- og Gnúpverjahreppur ber ábyrgð á öryggi og velferð nemenda í skólaakstri og uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða um umferðaröryggi.

3. gr.

Skipulag skólaakstur

Skiplag skólaaksturs er samkvæmt skólaakstursáætlun sem skólastjóri vinnur fyrir hvert skólaár í samræmi við kennsluskipan, fjölda barna, öryggi þeirra og vegalengd á milli heimilis og skóla. Fjöldi barna getur verið breytilegur á milli ára.

Skólastjóra er heimilt að breyta fyrirkomulagi akstur heim úr skóla þannig að verktaki geti ekið öðrum börnum heim en þeim sem komu með honum í skóla um morguninn.

Miða skal við að daglegur heildartími skólaakstur sé að jafnaði ekki lengri en 120 mínútur.

Ekki er heimilt að taka aðra nemendur í skólabifreiðina en grunnskólanemendur nema með sérstöku samþykki skólastjóra og/eða sveitartjóra.

Skipulagi skólaaksturs verður að öllu jöfnu ekki breytt innan skólaárs nema til komi fjölgun/fækkun grunnskólanemenda sem nýta skólaakstur.

Skólabílstjóri sækir/ekur nemendum heim að lögheimili barnanna nema mögulegt sé að stytta aksturstíma með því að nemendur gangi hluta leiðar til og frá heimili. Verði þá skólaakstur skipulagður með það í huga. Lagt er upp með að nemendur í þéttbýli, eða þar sem er húsaþyrping, hafi ákveðinn stað þar sem skólabílar sækja þá og skila þeim.

Akstursáætlun um skólaakstur skal kynnt skólaráði sbr. 8. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og skal hún vera íbúum sveitarfélagsins aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins og heimasíðu Þjórsárskóla.



4. gr.

Öryggi og búnaður skólabifreiða

Bifreið sem notuð er í skólaakstri skal uppfylla skilyrði til fólksflutninga samkvæmt lögum þar um, reglugerðum og settum reglum um öryggi farþega, gerð, búnað og notkun öryggis- og verndarbúnaðar. Bifreiðin skal þannig m.a. útbúin þriggja punkta belti og sessum fyrir nemendur 1. bekkjar, slökkvitæki, sjúkrakassa og fjarskiptabúnaði. Jafnframt skal bifreiðin útbúin með tilliti til akstursskilyrða á hverjum tíma, t.d. með nagladekkjum/vetrardekkjum.

Bifreið sem notuð er í skólaaksturi skal vera ábyrgðartryggð og með farþegatrýggingu.

Reykingar í bifreið sem nýtt er í skólaakstri eru stranglega bannaðar og skiptir þá engu hvort bifreiðin sé í skólaakstri eða öðrum akstri.

5. gr.

Öryggi farþega

Skólabílstjóri skal sjá til þess að nemendur séu í öryggisbeltum og skal ekki leggja af stað fyrr en öll öryggisatriði eru uppfyllt.

Skólabílstjóri skal sýna sérstaka aðgát áður en nemendum er hleypt úr skólabifreið.

Skólabílstjóri skal meta sjálfur hvenær akstur fellur niður vegna færðar og/eða veðurs. Hann skal tilkynna skólastjóra slíka ákvörðun og lætur skólastjóri nemendur vita.

Nái veðurhæð 20 m/sek er skólkstri frestað.

6. gr.

Bílstjóri skólabifreiða

Skólabílstjóri skal hafa öll tilskylin leyfi til verksins, t.d. meirapróf og rekstrarleyfi, sem og hreint sakarvottorð.

Óheimilt er að ráða bílstjóra sem hefur hlotið refsídum fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Skólabílstjóri skal gæta stundvísni við skólaaksturinn. Skólabílstjóri skal vera snyrtilegur til fara, vera kunnugur skólareglum Þjórsárskóla/Flúðaskóla og tileinka sér vinsamleg og kurteis samkipti við nemendur.

Skólabílstjóri skal kappkosta við halda áætlun, gera hverja ferð sem þægilegasta og að halda bifreiðinni ávallt sem hlýlegastri.

Skólabílstjóri skal tilkynna sem allra fyrst til skólastjóra komi upp vandamál í bifreiðum, t.d grun um einelti.

Þó skólabílstjóri sé ekki starfsmaður hjá sveitarfélagi er honum skylt að gæta þagmælsku um trúnaðarmál er varða skólann og nemendur hans og helst þagnarskyldan eftir að samningi milli bílstjóra og sveitarfélags lýkur. Auk þess ber hann tilkynningarskyldu til barnaverndayfirvalda.



**7. gr.
Farþegar/foreldrar**

Foreldrum er skylt að láta bifreiðastjóra vita tímanlega ef nemandi forfallast og þarf ekki á skólaakstri að halda

Nemendur skuli vera tilbúnir til að fara upp í skólabifreið þegar hún kemur að morgni.

Sýna skal samferðarfólki kurteisi og tillitsemi í skólabifreiðum.

**8. gr.
Meðferð ágreiningsmála**

Telji foreldri einhverju áfátt í fyrirkomulagi skólaaksturs eða að á rétti barns sé brotið getur það leitað leiðréttigar hjá skólastjóra eða sveitarstjórn.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 6. október 2021


Sylvia Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri